Ríkissaksóknari

# Ársskýrsla 2020

# Efnisyfirlit

1. Um verkefni ríkissaksóknara .......... 4

2. Tölulegar upplýsingar .......... 7

2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra .......... 7

2.2. Ákærðir .......... 15

2.3. Tímalengd gæsluvarðhalds .......... 16

2.4. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra .......... 17

2.5. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga .......... 18

2.6. Áfrýjunarmál .......... 19

2.7. Sektarboð og sektargerðir .......... 20

2.8. Erlent samstarf .......... 20

# 1. kafli

## Um verkefni ríkissaksóknara

# 1 Ársskýrsla ríkissaksóknara 2020

COVID-19 heimsfaraldurinn hafði áhrif á meðferð sakamála á öllum stigum á árinu 2020, þ.e. hjá lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum. Bæði vegna sóttvarnaraðgerða sem snúa að starfsmönnum réttarvörslukerfisins og vinnuumhverfinu og svo sóttvarnarreglna sem höfðu áhrif á það t.d. hvort hægt var að fá fólk til skýrslutöku og hvort það væri framkvæmanlegt m.t.t. sóttvarnarreglna. Einna mestur dráttur varð á meðferð mála fyrir dómstólum og voru því mörg sakamál óafgreidd þar um áramótin.

Til að bregðast við fyrirséðum töfum á málsmeðferð sakamála var gerð breyting á sakamálalögunum í lok apríl sem heimiluðu skýrslugjöf sakbornings og vitna hjá lögreglu og fyrir dómi á fjarfundi fram til 1. okt. Heimildin var framlengd til 31. desember 2021, en til stendur að setja hana varanlega inn í réttarfarslög, þ.e. lög um meðferð sakamála og lög um meðferð einkamála. Þessi heimild var ekki til staðar í réttarfarslögum og var í raun tímabært að lögfesta hana án tillits til COVID.

Ríkissaksóknari gaf á árinu út sektarleiðbeiningar/fyrirmæli til lögreglustjóra vegna brota á sóttvarnarreglum sem settar hafa verið vegna COVID. Fyrstu leiðbeiningarnar voru gefnar út í mars og fjölluðu um brot gegn reglum um sóttkví og einangrun og brot á reglum um takmörkun á samkomum. Leiðbeiningarnar voru uppfærðar þrisvar sinnum á árinu. Fyrst um miðjan ágúst og var þá bætt inn sektarheimild vegna brota sem tengjast 2ja metra nándarreglunni og reglum um grímunotkun.

### Eftirlits-, kæru- og samræmingarhlutverk ríkissaksóknara

Stærstu einstöku málaflokkar við embætti ríkissaksóknara eru meðferð mála/málflutningur á áfrýjunarstigi fyrir Landsrétti og Hæstarétti sem og afgreiðsla kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara um að hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn. Við embættið störfuðu árið 2020 ellefu ákærendur; níu saksóknarar, vararíkissaksóknari og ríkissaksóknari.

Ríkissaksóknari hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá ákærendum á lægra stigi, þ.e. héraðssaksóknara og níu lögreglustjórum.

Eftirlitið felst m.a. í yfirlestri yfir alla uppkveðna héraðsdóma, viðurlagaákvarðanir og lögreglustjórasektir, meðferð kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara og fundum með lögreglustjórum og héraðssaksóknara þar sem m.a. er farið yfir málsmeðferð, málshraða og fyrirmæli ríkissaksóknara. Á árinu 2020 bárust embættinu 1564 héraðsdómar til yfirlestrar.

Ríkissaksóknari gefur út almennar reglur og fyrirmæli um meðferð ákæruvalds til allra ákærenda. Á árinu 2020 gaf ríkissaksóknari út níu almenn fyrirmæli sem send voru öllum ákærendum og jafnframt birt á vef embættisins.

Ríkissaksóknari tekur afstöðu til kæru vegna ákvarðana héraðssaksóknara og lögreglustjóra um að vísa kæru frá, hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn, sbr. 52. gr., 145. gr., 146. gr. og 147. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Við meðferð kærumála gefst oft tilefni til að benda lögreglustjórum og héraðssaksóknara á atriði sem betur mega fara í málsmeðferð einstakra mála og/eða að beina tilmælum til þeirra um málsmeðferð almennt. Ríkissaksóknara ber að taka afstöðu til kæru innan þriggja mánaða frá því að kæran barst embættinu til meðferðar.

Á árinu 2020 bárust 231 kærumál til meðferðar og var tekin afstaða til þeirra mála sem afgreidd voru á árinu innan lögákveðins þriggja mánaða frests. Nánar er fjallað um meðferð kærumála í kafla 2.4.

### Málsmeðferð sakamála á áfrýjunarstigi

Málum verður einungis áfrýjað til Hæstaréttar Íslands að fengnu leyfi réttarins til áfrýjunar. Ríkissaksóknari veitti umsagnir um 25 beiðnir dómfelldu um að áfrýja máli til Hæstaréttar á árinu 2020. Fjórar beiðnir dómfelldu voru samþykktar. Fjórar beiðnir frá dómfelldu voru óafgreiddar um áramót. Ríkissaksóknari óskaði eftir áfrýjunarleyfi í tveimur málum og var önnur beiðnin samþykkt. Einu máli var vísað til Hæstaréttar til endurtekinnar meðferðar á grundvelli úrskurða endurupptökunefndar.

Ríkissaksóknari flytur af ákæruvaldsins hálfu þau sakamál sem koma til meðferðar fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um hvort héraðsdómum er áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til Landsréttar og flytur öll sakamál sem áfrýjað er fyrir Landsrétti. Í sumum tilvikum þarf leyfi Landsréttar til að áfrýja sakamáli til Landsréttar, sbr. 1. mgr. 198. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ríkissaksóknari veitir umsögn um áfrýjunarbeiðnir dómfelldu, sem voru níu á árinu 2019.

Á árinu 2020 voru gefnar út áfrýjunarstefnur í 75 málum sem áfrýjað var til Landsréttar. Nánar er fjallað um áfrýjuð mál í kafla 2.6.

### Endurupptaka dæmdra sakamála

Ríkissaksóknari veitir umsögn um beiðni dómfelldra um endurupptöku dæmds sakamáls. Einnig getur ríkissaksóknari haft frumkvæði að endurupptöku sakamála til hagsbóta fyrir dómfellda. Á árinu 2020 veitti ríkissaksóknari umsagnir um sex beiðnir dómfelldra um endurupptöku. Endurupptökunefnd hafnaði fimm beiðnum. Ein af þeim beiðnum var óafgreidd um áramót og fór því til nýstofnaðs endurupptökudómstóls til afgreiðslu.

### Aukið eftirlit ríkissaksóknara með símahlustunum og sérstökum rannsóknaraðferðum lögreglu

Með lögum nr. 103/2016 sem tóku gildi 1. janúar 2017, var ríkissaksóknara fengið stærra eftirlitshlutverk en áður þegar kemur að hlustunum lögreglu. Um eftirlit ríkissaksóknara er fjallað í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 103/2016, sbr. nú 3. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála, en þar segir:

*„Ríkissaksóknari hefur eftirlit með því að gögnum sé eytt og að tilkynnt sé um lok aðgerðar skv. 1. og 2. mgr. Setur hann reglur um hvernig eftirlitinu skuli háttað og skal þar m.a. koma fram hvernig tryggt verði að unnt sé að upplýsa eftir á hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum sem aflað hefur verið með aðgerð skv. 80.–82. gr. Ríkissaksóknari skal árlega gefa út skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og beitingu aðgerða skv. 80.–82. gr.“*

Í kjölfar lagabreytinganna gaf ríkissaksóknari út ný fyrirmæli um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum nr. 12/2017 sem send voru öllum lögreglustjórum og öðrum ákærendum 6. mars 2017 og birt á vef ríkissaksóknara. Skýrsla ríkissaksóknara um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum vegna ársins 2020 hefur verið birt á netsíðu embættisins.

### Sérstakar rannsóknaraðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála, sbr. reglur innanríkisráðherra nr. 516/2011

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 9. maí 2014, ber ríkislögreglustjóra, lögreglustjórum og héraðssaksóknara að senda ríkissaksóknara yfirlitsskýrslu tvisvar á ári um beitingu aðgerða og aðferða sem tilteknar eru í reglum nr. 516/2011. Skýrslur liggja fyrir frá öllum embættum fyrir árið 2020.

### Menntun og þjálfun starfsmanna ákæruvaldsins

Á árinu 2020 stóð ríkissaksóknari fyrir grunnnámskeiði fyrir ákærendur. Ekkert endurmenntunarnámskeið var haldið vegna COVID-19.

### Alþjóðleg samskipti og samvinna á sviði ákæruvalds

Ríkissaksóknari fær til meðferðar réttarbeiðnir frá erlendum yfirvöldum og mál vegna kröfu um framsal/afhendingu erlendra ríkisborgara, þ.m.t. beiðnir á grundvelli Norrænu- og Evrópsku handtökuskipunarinnar.

Á árinu 2020 bárust embættinu til meðferðar 66 framsals-, afhendingar- og réttarbeiðnir.

Ríkissaksóknari á fulltrúa í sendinefnd Íslands hjá GRECO sem er nefnd á vegum Evrópuráðsins um varnir gegn spillingu. Vegna COVID-19 voru fundir hjá GRECO árið 2020 haldnir í fjarfundarbúnaði. Vegna þess hagræðis sem af þessu hlaust sótti vararíkissaksóknari alla fundi GRECO árið 2020. Ríkissaksóknari á einnig sæti í CCPE sem er nefnd háttsettra saksóknara á vegum Evrópuráðsins og sótti vararíkissaksóknari í nóvember árlegan fund CCPE sem að þessu sinni var haldinn líkt og aðrir fundir á vettvangi Evrópuráðsins í fjarfundarbúnaði.

Ríkissaksóknari tekur þátt í samstarfi vegna Norrænu handtökuskipunarinnar, Nordic Arrest Warrant Network, og sækir árlega fundi vegna þessa. Enginn fundur var þó haldinn þetta árið vegna COVID-19.

Árlegur fundur ríkissaksóknara Norðurlandanna var ekki haldinn með hefðbundnum hætti þetta árið vegna COVID-19. Haldinn var stuttur fjarfundur þar sem m.a. var fjallað um viðbrögð við heimsfaraldrinum.

### Mál í forgangi: Nauðgunarmál, kynferðisofbeldi gegn börnum og ofbeldi í nánum samböndum

Í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 4/2017 er því beint til allra lögreglustjóra og héraðssaksóknara að hraða málum þar sem sakarefni tekur til líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Í sérstökum forgangi skulu þó vera nauðgunarmál og mál sem varða ofbeldi gagnvart börnum og ofbeldi í nánum samböndum, sem og mál þar sem gerendur eru yngri en 18 ára.

1. janúar og 30. júní ár hvert skulu héraðssaksóknari og lögreglustjórar senda ríkissaksóknara lista yfir stöðu mála og málsmeðferðartíma vegna rannsóknar og ákærumeðferðar í nauðgunarmálum (194. gr. alm. hgl.), alvarlegum kynferðisbrotum gegn börnum (1. mgr. 200. gr., 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. alm. hgl.) og í málum sem varða ofbeldi í nánum samböndum (218. gr. b. alm.hgl.).

Héraðssaksóknari og lögreglustjórar skulu eigi sjaldnar en árlega setja sér markmið um meðferð sakamála, bæði um vönduð og markviss vinnubrögð við rannsóknir einstakra mála og ekki síður um málshraða.

# 2. kafli

## *Tölulegar upplýsingar*

## 2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra

Hér gefur að líta fjölda brota sem afgreidd voru af ákæruvaldinu á árinu 2020, greind eftir brotaflokkum. Vakin er athygli á að um er að ræða afgreidd brot, ekki fjölda kæra. Brotin geta hafa verið kærð til lögreglu fyrir 2020 og þá geta brot sem kærð voru 2019 enn verið óafgreidd af ákæruvaldinu. Fyrsta taflan geymir upplýsingar um heildarfjölda afgreiddra brota í málum á landinu öllu. Á eftir fylgja töflur með tölum um afgreidd brot í málum hjá hverju embætti. Undanskilin eru mál sem afgreidd voru með lögreglustjórasáttum og mál sem vísað var frá eða rannsókn hætt í. Næst koma töflur um samanburð á milli ára að því er varðar heildarfjölda afgreiddra brota og brot afgreidd hjá einstökum embættum. Áréttað er að tölurnar vitna um fjölda brota en í hverju máli geta verið fleiri en eitt brot.

**Skýringar með töflum:**

Niðurfelld mál: Mál er fellt niður þegar ákærandi telur að það sem komið hefur fram við rannsókn sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, sbr. 145. gr. laga um meðferð sakamála.

Fallið frá saksókn: Þótt ákærandi telji að það sem fram hefur komið við rannsókn sé nægilegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, hefur hann vissa heimild samkvæmt 146. gr. laga um meðferð sakamála til að láta við svo búið standa og falla frá saksókn.

Ákærufrestun: Þegar aðili hefur játað brot sitt er ákæranda heimilt, samkvæmt 56. gr. almennra hegningarlaga, að fresta um tiltekinn tíma útgáfu ákæru. Á þetta einkum við um brot sem ungmenni á aldrinum 15-21 árs hafa framið.

**Öll mál**

| Allt landið | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot gegn valdstjórninni | 86 | 48 | 56% | 4 | 5% | 29 | 34% | 5 | 6% |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Brot í opinberu starfi | 11 | 3 | 27% | 1 | 9% | 7 | 64% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 29 | 25 | 86% | 1 | 3% | 3 | 10% | 0 | 0% |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 3 | 2 | 67% | 1 | 33% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 126 | 110 | 87% | 4 | 3% | 9 | 7% | 3 | 2% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 48 | 39 | 81% | 0 | 0% | 9 | 19% | 0 | 0% |
| Ýmis brot á hagsmunum almennings | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Sifskaparbrot | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 325 | 130 | 40% | 12 | 4% | 181 | 56% | 2 | 1% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 589 | 339 | 58% | 21 | 4% | 217 | 37% | 12 | 2% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 22 | 9 | 41% | 0 | 0% | 13 | 59% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 213 | 134 | 63% | 9 | 4% | 66 | 31% | 4 | 2% |
| Auðgunarbrot | 1193 | 816 | 68% | 289 | 24% | 81 | 7% | 7 | 1% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 398 | 308 | 77% | 18 | 5% | 62 | 15% | 10 | 3% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Skattalög | 86 | 72 | 84% | 0 | 0% | 14 | 16% | 0 | 0% |
| Tollalög | 42 | 36 | 86% | 2 | 5% | 4 | 10% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 880 | 829 | 94% | 16 | 2% | 34 | 4% | 1 | 0% |
| Vopnalög | 181 | 158 | 87% | 9 | 5% | 13 | 7% | 1 | 1% |
| Veiðilög | 7 | 2 | 29% | 0 | 0% | 5 | 71% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 9 | 5 | 56% | 1 | 11% | 3 | 33% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 13 | 13 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 25 | 15 | 60% | 3 | 12% | 6 | 24% | 1 | 4% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 2282 | 2211 | 97% | 28 | 1% | 40 | 2% | 3 | 0% |
| Ölvunarakstur | 429 | 398 | 93% | 6 | 1% | 25 | 6% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 1501 | 1414 | 94% | 13 | 1% | 74 | 5% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 256 | 256 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 373 | 256 | 69% | 15 | 4% | 99 | 27% | 3 | 1% |
| ALLS | 9132 | 7631 | 84% | 453 | 5% | 996 | 11% | 52 | 1% |

## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot gegn valdstjórninni | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 20 | 17 | 85% | 1 | 5% | 2 | 10% | | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 75 | 66 | 88% | 1 | 1% | 5 | 7% | 3 | 4% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 3 | 0 | 0% | 0 | 0% | 3 | 100% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 262 | 146 | 56% | 14 | 5% | 95 | 36% | 7 | 3% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 9 | 0 | 0% | 0 | 0% | 9 | 100% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 105 | 67 | 64% | 6 | 6% | 32 | 30% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 998 | 695 | 70% | 270 | 27% | 28 | 3% | 5 | 1% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 152 | 108 | 71% | 10 | 7% | 27 | 18% | 7 | 5% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 17 | 13 | 76% | 2 | 12% | 2 | 12% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 579 | 559 | 97% | 14 | 2% | 5 | 1% | 1 | 0% |
| Vopnalög | 114 | 112 | 98% | 0 | 0% | 2 | 2% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 4 | 2 | 50% | 1 | 25% | 1 | 25% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 1618 | 1581 | 98% | 23 | 1% | 13 | 1% | 1 | 0% |
| Ölvunarakstur | 334 | 322 | 96% | 6 | 2% | 6 | 2% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 1171 | 1153 | 98% | 11 | 1% | 7 | 1% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 237 | 237 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 149 | 110 | 74% | 6 | 4% | 33 | 22% | 0 | 0% |
| ALLS | 5856 | 5197 | 88,7 | 365 | 6,2 | 270 | 4,6 | 24 | 0,4 |

## Lögreglustjórinn á Vesturlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 3 | 2 | 67% | 0 | 0% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 8 | 5 | 63% | 0 | 0% | 3 | 38% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 15 | 14 | 93% | 0 | 0% | 1 | 7% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 3 | 1 | 33% | 1 | 33% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 62 | 61 | 98% | 0 | 0% | 1 | 2% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 13 | 8 | 62% | 0 | 0% | 5 | 38% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 30 | 22 | 73% | 0 | 0% | 8 | 27% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 9 | 5 | 56% | 1 | 11% | 3 | 33% | 0 | 0% |
| ALLS | 155 | 128 | 82,6 | 2 | 1,3 | 25 | 16,1 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Kynferðisbrot | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 10 | 7 | 70% | 0 | 0% | 2 | 20% | 1 | 10% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 4 | 2 | 50% | 0 | 0% | 2 | 50% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 15 | 15 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 9 | 9 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 7 | 7 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 5 | 4 | 80% | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 20% |
| ALLS | 55 | 48 | 87,3 | 0 | 0,0 | 5 | 9,1 | 2 | 3,6 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 4 | 2 | 50% | 0 | 0% | 2 | 50% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 4 | 0 | 0% | 0 | 0% | 4 | 100% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 4 | 3 | 75% | 0 | 0% | 1 | 25% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 32 | 32 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 6 | 5 | 83% | 0 | 0% | 1 | 17% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 3 | 2 | 67% | 0 | 0% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 113 | 113 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 33 | 32 | 97% | 0 | 0% | 1 | 3% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 10 | 8 | 80% | 0 | 0% | 2 | 20% | 0 | 0% |
| ALLS | 225 | 213 | 94,7 | 0 | 0,0 | 12 | 5,3 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 4 | 3 | 75% | 0 | 0% | 1 | 25% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 49 | 38 | 78% | 0 | 0% | 10 | 20% | 1 | 2% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 18 | 12 | 67% | 0 | 0% | 3 | 17% | 3 | 17% |
| Auðgunarbrot | 25 | 13 | 52% | 0 | 0% | 10 | 40% | 2 | 8% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 21 | 16 | 76% | 0 | 0% | 4 | 19% | 1 | 5% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 78 | 70 | 90% | 1 | 1% | 7 | 9% | 0 | 0% |

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vopnalög | 18 | 17 | 94% | 0 | 0% | 1 | 6% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 4 | 0 | 0% | 0 | 0% | 4 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 8 | 7 | 88% | 0 | 0% | 1 | 13% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 117 | 110 | 94% | 1 | 1% | 5 | 4% | 1 | 1% |
| Ölvunarakstur | 22 | 17 | 77% | 0 | 0% | 5 | 23% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 102 | 74 | 73% | 0 | 0% | 28 | 27% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 10 | 10 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 17 | 15 | 88% | 0 | 0% | 2 | 12% | 0 | 0% |
| ALLS | 504 | 412 | 81,7 | 2 | 0,4 | 82 | 16,3 | 8 | 1,6 |

## Lögreglustjórinn á Austurlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | **fjöldi** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 7 | 5 | 71% | 0 | 0% | 2 | 29% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 14 | 3 | 21% | 2 | 14% | 9 | 64% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 8 | 2 | 25% | 1 | 13% | 5 | 63% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 7 | 4 | 57% | 2 | 29% | 1 | 14% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 21 | 9 | 43% | 7 | 33% | 3 | 10% | 2 | 10% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Tollalög | 4 | 4 | 100% | | 0% | | 0% | | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 11 | 8 | 73% | 0 | 0% | 3 | 27% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 5 | 2 | 40% | 0 | 0% | 3 | 60% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 1 | | 0% | | 0% | 1 | 100% | | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 16 | 12 | 75% | 3 | 19% | 0 | 0% | 1 | 6% |
| Ölvunarakstur | 4 | 3 | 75% | 0 | 0% | 1 | 25% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 19 | 11 | 58% | 1 | 5% | 7 | 37% | 0 | 0% |
| ALLS | *126* | *72* | *57,1* | *16* | *12,7* | *35* | *27,0* | *3* | *2,4* |

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | **fjöldi** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 12 | 6 | 50% | 0 | 0% | 6 | 50% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 3 | 1 | 33% | 0 | 0% | 2 | 67% | | 0% |
| Auðgunarbrot | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 15 | 15 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 4 | 1 | 25% | 3 | 75% | 0 | 0% | 0 | 25% |
| Lög um siglingar og útgerð | 2 | 2 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 18 | 12 | 67% | 0 | 0% | 6 | 33% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 4 | 3 | 75% | 0 | 0% | 1 | 25% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 3 | 0 | 0% | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| ALLS | 75 | 54 | 72,0 | 6 | 8,0 | 15 | 20,0 | 0 | 1,3 |

## Lögreglustjórinn á Suðurlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 37 | 14 | 38% | 2 | 5% | 19 | 51% | 2 | 5% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 20 | 14 | 70% | 0 | 0% | 6 | 30% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 13 | 9 | 69% | 2 | 15% | 2 | 15% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 14 | 7 | 50% | 1 | 7% | 6 | 43% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 20 | 18 | 90% | 0 | 0% | 2 | 10% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 80 | 73 | 91% | 0 | 0% | 7 | 9% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 25 | 24 | 96% | 0 | 0% | 1 | 4% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 48 | 34 | 71% | 0 | 0% | 14 | 29% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 12 | 4 | 33% | 0 | 0% | 7 | 58% | 1 | 8% |
| ALLS | 281 | 206 | 73,3 | 6 | 2,1 | 65 | 23,1 | 4 | 1,4 |

## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 1 | | 0% | | 0% | 1 | 100% | | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 39 | 36 | 92% | 3 | 8% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 62 | 31 | 50% | 1 | 2% | 30 | 48% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 27 | 19 | 70% | 1 | 4% | 7 | 26% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 78 | 56 | 72% | 15 | 19% | 7 | 9% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 40 | 36 | 90% | 0 | 0% | 4 | 10% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Tollalög | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 103 | 89 | 86% | 1 | 1% | 13 | 13% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 20 | 14 | 70% | 5 | 0% | 1 | 5% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 1 | | 0% | | 0% | 1 | 100% | | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 9 | 4 | 44% | 2 | 22% | 3 | 33% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 143 | 140 | 98% | 1 | 1% | 2 | 1% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 17 | 12 | 71% | 0 | 0% | 5 | 29% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 87 | 70 | 80% | 2 | 2% | 15 | 17% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 62 | 42 | 68% | 4 | 6% | 16 | 26% | 0 | 0% |
| ALLS | 702 | 561 | 79,9 | 35 | 5,0 | 106 | 15,1 | 0 | 0,0 |

## Héraðssaksóknari

| ALMENN HEGNINGARLÖG | Alls fjöldi | Ákærur fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Brot gegn valdstjórninni | 85 | 47 | 55% | 4 | 5% | 29 | 34% | 5 | 6% |
| Brot í opinberu starfi | 11 | 3 | 27% | 1 | 9% | 7 | 64% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 3 | 2 | 67% | 0 | 0% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 3 | 2 | 67% | 1 | 33% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 45 | 39 | 87% | 0 | 0% | 6 | 13% | 0 | 0% |
| Ýmis brot á hagsmunum almennings | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Sifskaparbrot | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 310 | 119 | 38% | 12 | 4% | 177 | 57% | 2 | 1% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 131 | 87 | 66% | 2 | 2% | 41 | 31% | 1 | 1% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 10 | 8 | 80% | 0 | 0% | 2 | 20% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 20 | 13 | 65% | 1 | 5% | 5 | 25% | 1 | 5% |
| Auðgunarbrot | 66 | 34 | 52% | 0 | 0% | 32 | 48% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 138 | 120 | 87% | 0 | 0% | 18 | 13% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Skattalög | 86 | 72 | 84% | 0 | 0% | 14 | 16% | 0 | 0% |
| Tollalög | 5 | 4 | 80% | 0 | 0% | 1 | 20% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 12 | 9 | 75% | 0 | 0% | 3 | 25% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 11 | 6 | 55% | 0 | 0% | 4 | 36% | 1 | 9% |
| Áfengislög | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 106 | 100 | 94% | 0 | 0% | 6 | 6% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 3 | 2 | 67% | 0 | 0% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 13 | 12 | 92% | 0 | 0% | 1 | 8% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 87 | 57 | 66% | 0 | 0% | 29 | 33% | 1 | 1% |
| ALLS | 1153 | 740 | 64,2 | 21 | 1,8 | 381 | 33,0 | 11 | 1,0 |

## Öll mál

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 6777 | 5620 | 83 | 274 | 4 | 830 | 12 | 53 | 1 |
| 2017 | 6265 | 4959 | 79 | 379 | 6 | 881 | 14 | 46 | 1 |
| 2018 | 6872 | 5568 | 81 | 313 | 5 | 946 | 14 | 45 | 1 |
| 2019 | 9626 | 8164 | 85 | 403 | 4 | 1015 | 11 | 44 | 0 |
| 2020 | 9132 | 7631 | 84 | 453 | 5 | 996 | 11 | 52 | 1 |

## Ríkissaksóknari

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 147 | 80 | 54 | 3 | 2 | 57 | 39 | 7 | 5 |
| 2017 | 30 | 19 | 63 | 0 | 0 | 11 | 37 | 0 | 0 |
| 2018 | 18 | 17 | 94 | 0 | 0 | 1 | 6 | 0 | 0 |
| 2019 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2020 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 3984 | 3512 | 88 | 199 | 5 | 247 | 6 | 26 | 1 |
| 2017 | 3242 | 2717 | 84 | 293 | 9 | 205 | 6 | 27 | 1 |
| 2018 | 3614 | 3050 | 84 | 194 | 5 | 360 | 10 | 10 | 0 |
| 2019 | 5692 | 5055 | 89 | 281 | 5 | 343 | 6 | 13 | 0 |
| 2020 | 5856 | 5197 | 89 | 365 | 6 | 270 | 5 | 24 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Vesturlandi

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 101 | 87 | 86 | 0 | 0 | 14 | 14 | 0 | 0 |
| 2017 | 117 | 104 | 89 | 3 | 3 | 10 | 9 | 0 | 0 |
| 2018 | 141 | 135 | 96 | 0 | 0 | 6 | 4 | 0 | 0 |
| 2019 | 327 | 300 | 92 | 3 | 1 | 24 | 7 | 0 | 0 |
| 2020 | 155 | 128 | 83 | 2 | 1 | 25 | 16 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 60 | 49 | 82 | 0 | 0 | 8 | 13 | 3 | 5 |
| 2017 | 69 | 59 | 86 | 0 | 0 | 9 | 13 | 1 | 1 |
| 2018 | 129 | 100 | 78 | 11 | 9 | 17 | 13 | 1 | 1 |
| 2019 | 57 | 38 | 67 | 3 | 5 | 13 | 23 | 3 | 5 |
| 2020 | 55 | 48 | 87 | 0 | 0 | 5 | 9 | 2 | 4 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 68 | 60 | 88 | 0 | 0 | 4 | 6 | 4 | 6 |
| 2017 | 81 | 76 | 94 | 1 | 1 | 4 | 5 | 0 | 0 |
| 2018 | 184 | 181 | 98 | 1 | 1 | 2 | 1 | 0 | 0 |
| 2019 | 182 | 164 | 90 | 2 | 1 | 16 | 9 | 0 | 0 |
| 2020 | 225 | 213 | 95 | 0 | 0 | 12 | 5 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 576 | 480 | 83 | 8 | 1 | 83 | 14 | 5 | 1 |
| 2017 | 547 | 439 | 80 | 4 | 1 | 104 | 19 | 0 | 0 |
| 2018 | 360 | 281 | 78 | 10 | 3 | 67 | 19 | 2 | 1 |
| 2019 | 536 | 433 | 81 | 17 | 3 | 81 | 15 | 5 | 1 |
| 2020 | 504 | 412 | 82 | 2 | 0 | 82 | 16 | 8 | 2 |

## Lögreglustjórinn á Austurlandi

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 62 | 42 | 68 | 12 | 19 | 8 | 13 | 0 | 0 |
| 2017 | 79 | 62 | 78 | 4 | 5 | 13 | 16 | 0 | 0 |
| 2018 | 84 | 73 | 87 | 6 | 7 | 5 | 6 | 0 | 0 |
| 2019 | 72 | 58 | 81 | 2 | 3 | 12 | 17 | 0 | 0 |
| 2020 | 126 | 72 | 57 | 16 | 13 | 35 | 28 | 3 | 2 |

## Lögreglustjórinn á Suðurlandi

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 622 | 505 | 81 | 12 | 2 | 104 | 17 | 1 | 0 |
| 2017 | 399 | 358 | 90 | 0 | 0 | 41 | 10 | 0 | 0 |
| 2018 | 368 | 305 | 83 | 1 | 0 | 62 | 17 | 0 | 0 |
| 2019 | 439 | 365 | 83 | 13 | 3 | 60 | 14 | 1 | 0 |
| 2020 | 281 | 206 | 73 | 6 | 2 | 65 | 23 | 4 | 1 |

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 108 | 90 | 83 | 1 | 1 | 16 | 15 | 1 | 1 |
| 2017 | 112 | 94 | 84 | 1 | 1 | 17 | 15 | 0 | 0 |
| 2018 | 127 | 98 | 77 | 12 | 9 | 17 | 13 | 0 | 0 |
| 2019 | 181 | 156 | 86 | 6 | 3 | 14 | 8 | 5 | 3 |
| 2020 | 75 | 54 | 72 | 6 | 8 | 15 | 20 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 406 | 334 | 82 | 22 | 5 | 50 | 12 | 0 | 0 |
| 2017 | 666 | 495 | 74 | 40 | 6 | 124 | 19 | 7 | 1 |
| 2018 | 668 | 535 | 80 | 40 | 6 | 86 | 13 | 7 | 1 |
| 2019 | 1016 | 885 | 87 | 60 | 6 | 70 | 7 | 1 | 0 |
| 2020 | 702 | 561 | 80 | 35 | 5 | 106 | 15 | 0 | 0 |

## Héraðssaksóknari/Sérstakur saksóknari

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 643 | 381 | 59 | 17 | 3 | 239 | 37 | 6 | 1 |
| 2017 | 925 | 536 | 58 | 33 | 4 | 345 | 37 | 11 | 1 |
| 2018 | 1179 | 793 | 67 | 38 | 3 | 323 | 27 | 25 | 2 |
| 2019 | 1124 | 710 | 63 | 16 | 1 | 382 | 34 | 16 | 1 |
| 2020 | 1153 | 740 | 64 | 21 | 2 | 381 | 33 | 11 | 1 |

## 2.2. Ákærðir

Alls sættu 2655 einstaklingar og 12 fyrirtæki ákæru á árinu. Eftirfarandi er skipting ákærðra eftir kyni, aldri og ríkisfangi.

| Ríkisfang | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Afganistan | 4 | Hvíta-Rússland | 6 | Portúgal | 12 | Ungverjaland | 1 |
| Albanía | 26 | Írak | 6 | Pólland | 218 | Úganda | 2 |
| Alsír | 3 | Íran | 6 | Ríkisfangslaus | 2 | Úkraína | 1 |
| Aserbaídsjan | 1 | Írland | 1 | Rúanda | 1 | Venesúela | 1 |
| Austur-Kongó | 1 | Ísland | 1990 | Rúmenía | 53 | Víetnam | 7 |
| Bandaríkin | 10 | Ítalía | 6 | Rússland | 4 | Þýskaland | 5 |
| Bosnía og Hersegóvína | 1 | Kanada | 6 | Senegal | 1 | | |
| Brasilía | 1 | Kenía | 1 | Síerra Leóne | 1 | | |
| Bretland | 12 | Kosovo | 1 | Slóvenía | 1 | | |
| Búlgaría | 2 | Kosta Ríka | 1 | Sómalía | 3 | | |
| Danmörk | 7 | Kólumbía | 2 | Spánn | 15 | | |
| Eistland | 2 | Króatía | 3 | Srí Lanka | 1 | | |
| El Salvador | 1 | Lettland | 34 | Suður-Kórea | 2 | | |
| Filippseyjar | 2 | Litháen | 117 | Súrínam | 1 | | |
| Frakkland | 6 | Marokkó | 2 | Sýrland | 9 | | |
| Færeyjar | 1 | Mexíkó | 2 | Tadsjikistan | 1 | | |
| Gana | 2 | Nígería | 1 | Taíland | 4 | | |
| Georgía | 15 | Noregur | 2 | Tékkland | 1 | | |
| Grikkland | 2 | Pakistan | 1 | Túnis | 1 | | |
| Grænhöfðaeyjar | 1 | Palestína | 3 | Tyrkland | 2 | | |
| | | | | | | Samtals | 2643 |

Hér að ofan er að finna yfirlit yfir ríkisfang þeirra sem sættu ákæru á árinu. Einstaklingar eru ekki tvítaldir þótt þeir komi við sögu í fleiri en einu málsnúmeri.

| Aldur | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Hlutfall | Karlar | Hlutfall | Konur | Hlutfall |
| 13-19 ára | 241 | 9,1 | 206 | 9,5 | 35 | 7,4 |
| 20-24 ára | 371 | 14,0 | 298 | 13,7 | 73 | 15,4 |
| 25-29 ára | 443 | 16,8 | 364 | 16,8 | 79 | 16,6 |
| 30-34 ára | 403 | 15,2 | 338 | 15,6 | 65 | 13,7 |
| 35-39 ára | 346 | 13,1 | 286 | 13,2 | 60 | 12,6 |
| 40-44 ára | 257 | 9,7 | 210 | 9,7 | 47 | 9,9 |
| 45-49 ára | 212 | 8,0 | 170 | 7,8 | 42 | 8,8 |
| 50-54 ára | 143 | 5,4 | 118 | 5,4 | 25 | 5,3 |
| 55-59 ára | 106 | 4,0 | 86 | 4,0 | 20 | 4,2 |
| 60-69 ára | 90 | 3,4 | 73 | 3,4 | 17 | 3,6 |
| 70 ára og eldri | 31 | 1,2 | 19 | 0,9 | 12 | 2,5 |
| Alls | 2643 | 100,0 | 2168 | 100,0 | 475 | 100,0 |

| Kyn | | |
|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall |
| Karl | 2168 | 81,7 |
| Kona | 475 | 17,9 |
| Fyrirtæki | 12 | 0,5 |
| Alls | 2655 | 100,0 |

## 2.3. Gæsluvarðhald

| Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2020 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar. | |
|---|---|
| Fjöldi úrskurða | 119 |
| Fjöldi einstaklinga | 108 |
| Dagar í gæslu | 10362 |

| Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008: | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **Dagur** | **Meðaldagafjöldi** | **Lágm.** | **Hám.** |
| Án skilyrða skv. 1. mgr. 99. gr. | 7499 | 86,20 | 1 | 387 |
| abcdef | 243 | 8,38 | 2 | 22 |
| b-liðar 1. mgr. 99. gr. | 70 | 5,83 | 3 | 10 |
| bcde-liðir 1. mgr. 99. gr. | 243 | 11,57 | 1 | 19 |
| bcdef-liðir 1. mgr. 99. gr. | 19 | 9,50 | 7 | 12 |
| c-liðar 1. mgr. 99. gr. | 84 | 28,00 | 28 | 28 |
| cd-liðir 1. mgr. 99. gr. | 57 | 11,40 | 5 | 28 |
| cde-liðir 1. mgr. 99. gr. | 9 | 4,50 | 2 | 7 |
| cdef-liðir 1. mgr. 99. gr. | 70 | 35,00 | 35 | 35 |
| d-liðar 1. mgr. 99. gr. | 229 | 29,00 | 29 | 29 |
| **Samtals** | 8323 | | | |

*Án Án takmarkana, b Einrúm, c Heimsóknarbann, d Bréfaskoðun, e Fjölmiðlabann, f Vinnubann*

Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

## 2.4. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra 2020

Alls sættu 102 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri eða héraðssaksóknari hafði ákveðið, að rannsókn lokinni, að höfða ekki mál með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis, og í einu máli var að hluta einnig fallið frá saksókn. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| **Kærur** | **Ákvörðun felld úr gildi** | **Ákvörðun staðfest** |
| 102 | 14 | 62 |
| | **Kæra afturkölluð** | **Kæru vísað frá** |
| | 0 | 5 |

Í tveimur málum var ákvörðun felld úr gildi og ákvörðun tekin um að rannsókn skyldi þess í stað hætt.

| Brotaflokkur | Fjöldi |
|---|---|
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 8 |
| Kynferðisbrot | 54 |
| Líkamsárásir | 29 |
| Líkamsmeiðing af gáleysi (219. gr. alm. hgl.) | 3 |
| Önnur sérrefsilög | 3 |
| Heimilisofbeldi | 1 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífsins | 2 |
| Brot gegn frjálræði manna | 1 |
| Brot í opinberu starfi | 1 |

*19 málum var ólokið um áramót.*

Tvö mál sættu kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri eða héraðssaksóknari hafði ákveðið að falla frá saksókn með vísan til 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| **Kærur** | **Ákvörðun felld úr gildi** | **Ákvörðun staðfest** |
| 2 | 1 | 1 |
| **Brotaflokkur** | **Fjöldi** | |
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 1 | |
| Lög um hvalveiðar | 1 | |

Í málinu sem ríkissaksóknari felldi ákvörðunina úr gildi var ákveðið að málið skyldi fellt niður.

Ríkissaksóknara bárust 123 kærumál vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa frá kæru án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 6. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 6. mgr. 52. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| **Kærur** | **Ákvörðun felld úr gildi** | **Ákvörðun staðfest** |
| 123 | 21 | 63 |
| | **Kæra afturkölluð** | **Kæru vísað frá** |
| | 0 | 6 |

Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi að hluta og staðfest að hluta.

| Brotaflokkur | Fjöldi |
|---|---|
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 36 |
| Opinber starfsm. - Kæra á lögreglu | 2 |
| Kynferðisbrot | 21 |
| Líkamsárásir | 28 |
| Líkamsmeiðing af gáleysi (219. gr. alm. hgl.) | 1 |
| Mannslát (211. gr. alm. hgl.) | 1 |
| Látið farast fyrir að koma manni í lífsháska til bjargar ( 221. gr. alm. hgl.) | 1 |
| Rangar sakargiftir og rangur framburður | 5 |
| Brot gegn frjálsræði manna | 2 |
| Skjalafals | 4 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 7 |
| Brot í opinberu starfi | 2 |
| Brot gegn valdstjórninni | 1 |
| Önnur sérrefsilög | 11 |
| Annað | 2 |

*31 mál voru óafgreidd um áramót.*

Í einu máli þar sem kæru var vísað frá var ákvörðun felld úr gildi og ákveðið að hætta rannsókn. Í einu máli þar sem rannsókn hafði verið hætt ákvað ríkissaksóknari að endurupptaka málið hjá lögreglu. Í einu máli sem vísað var frá var lagt fyrir lögreglustjóra að hefja rannsókn að nýju.

Tvö mál þar sem ákvörðun lögreglustjóra var að gefa út skilorðsbundna ákærufrestun voru kærð.

Eitt mál er varðaði afhendingu gagna var kært.

Eitt mál er varðaði mögulega færslu sektargerðar í sakaskrá var kært.

## 2.5. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

| Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Kærur alls | Niðurfelling | Fallið frá saks. | Ranns. hætt | Kæru vísað frá | Ákæra | Dómur Sakf. | Dómur. Sýkn. | Áfrýjað | Landsr. Sakf | Landsr. Sýkn | Óafgr. áramót |
| 2016 | 38 | 9 | 2 | 19 | 5 | 3 | 3 | 0 | 3 | 3 | 0 | 0 |
| 2017 | 23 | 3 | 0 | 11 | 6 | 3 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2018 | 42 | 10 | 0 | 21 | 8 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| 2019 | 19 | 3 | 0 | 7 | 5 | 3 | 1 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 |
| 2020 | 22 | 2 | 0 | 2 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 15 |

*2018:* *Eitt mál óafgreitt*

*2019:* *Eitt mál óafgreitt - eitt mál hætt við*

*2020:* *15 mál óafgreitt.*

## 2.6. Áfrýjunarmál

Útgefnar áfrýjunarstefnur á árinu 2020 voru 75 talsins í 75 málum.

Dómfelldu höfðu frumkvæði að áfrýjun í 56 málum en féllu frá áfrýjun í fjórum af þeim málum.
Þá var fallið frá áfrýjun í einu máli þar sem dómfelldi var látinn.

Ákæruvaldið hafði frumkvæði að áfrýjun til Landsréttar í 19 málum. Voru öll þau mál ódæmd um áramótin 2020-2021.

Þrjú málanna sem ákæruvaldið áfrýjaði vörðuðu kynferðisbrot.

Einum sýknudómi er varðaði tilraun til manndráps var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Einu máli er varðaði það að láta farast fyrir að koma manni til hjálpar sem staddur var í lífsháska var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Fimm málum er vörðuðu líkamsárásir var áfrýjað af ákæruvaldinu, þar af voru tveir sýknudómar.

Einu máli er varðaði sýknudóm fyrir brot í opinberu starfi var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Þremur málum er vörðuðu peningaþvætti var áfrýjað af ákæruvaldinu

Fjórum málum er vörðuðu skattalagabrot var áfrýjað af ákæruvaldinu, þar af voru tveir sýknudómar.

Einum dómi er varðaði ölvunarakstur var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Landsréttur dæmdi í 100 sakamálum á árinu 2020 og voru áfrýjunarstefnur í flestum þeirra mála gefnar út á árinu 2019. Var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 34 málum, niðurstöðu breytt að nokkru leyti í 52 málum, í 12 málum var niðurstöðu héraðsdóms snúið við og dómar voru ómerktir í tveimur málum og þeim vísað aftur til héraðsdóms til endurtekinnar meðferðar þar.

Um áramót 2020 - 2021 voru 67 sakamál ódæmd í Landsrétti.

| Áfrýjuð hegningarlagabrot 2020 | | Áfrýjuð sérrefsilagabrot 2020 | |
|---|---|---|---|
| Kynferðisbrot | 19 | Skattalagabrot | 7 |
| Skjalafals | 2 | Ávana- og fíkniefnalög | 2 |
| Auðgunarbrot | 8 | Umferðarlagabrot | 1 |
| Ýmis brot er varða ýmis fjárréttindi | 4 | Ölvunar-fíknie-lyfjaakstur | 7 |
| Líkamsárásir | 17 | | |
| Líkamsmeiðing (221) | 1 | | |
| Fíkniefnabrot - stórfellt | 3 | | |
| Manndráp - tilraun | 1 | | |
| Brot í opinberu starfi | 1 | | |
| Brot gegn valdstjórninni/opnb. starfsm | 2 | | |
| | | **Samtals** | 75 |

## 2.7. Sektarboð og sektargerðir

Árið 2013 varð breyting á reglugerð um lögreglustjórasektir og tekin í notkun vettvangsskýrsla vegna umferðarlagabrota. Þá getur sá kærði undirritað skýrslu á vettvangi og er honum síðan sendur greiðsluseðill. Áður var sent út sektarboð í slíkum málum. Sektarboð er hins vegar enn sent út ef ekki næst í þann brotlega, t.d. vegna hraðamyndavéla.

Í árslok 2020 höfðu lögreglustjórar sent út sektarboð vegna 45.797 brota. Í sektarboðum er einvörðungu um að ræða umferðarlagabrot. Þar af höfðu 46.072 sektarbrot verið greidd á árinu en það er 97% af útsendum sektarbrotum í sektarboðum. Þau brot sem oftast var sektað fyrir var of hraður akstur.

Heildarfjöldi brota í sektargerðum lögreglustjóra voru 4.586 í árslok. Um var að ræða 3.184 sektargerðir og hafa 1.821 sektargerðir verið greiddar á árinu eða 57 %. Flest brotin vörðuðu umferðarlagabrot eða 3.545, þar af 734 vegna ölvunaraksturs og 739 vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna og vegna aksturs undir áhrifum örvandi eða slævandi lyfja. Alls var 510 minniháttar brotum gegn lögum um meðferð ávana- og fíkniefna lokið með sektargerð og 23 hegningarlagabrotum og var þar um að ræða 12 þjófnaðarbrot. Einnig var 508 brotum gegn öðrum sérrefsilögum lokið með sektargerð.

Það athugist að eitt sektarboð eða ein sektargerð getur falið í sér fleiri en eitt brot.

## 2.8. Erlent samstarf

**EAW 2019-2020**

| Til Íslands | 2019 | 2020 | Frá Íslandi | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| Austurríki | 1 | | Lettland | 1 | |
| Pólland | | 8 | Spánn | | 1 |
| Ítalía | | 1 | Króatía | | 1 |
| Spánn | | 1 | Pólland | | 1 |
| Portúgal | 1 | | | | |
| Bretland | | 1 | | | |
| Þýskaland | | 2 | | | |
| Ungverjaland | | 2 | | | |
| Lettland | | 1 | | | |
| Króatía | | 1 | | | |
| Litháen | | 1 | | | |
| Grikkland | | 1 | | | |
| Frakkland | | 1 | | | |
| Rúmenía | | 1 | | | |
| Spánn/Írland | | | | | |
| **Samtals** | 2 | 21 | **Samtals** | 1 | 3 |

**Norrænar handtökuskipanir frá 2016**

| Ár | Fjöldi | Sendandi beiðnar | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 3 | Finnland | 1 | | | | |
| 2017 | 1 | Svíþjóð | 1 | | 1 | 3 | 1 |
| 2018 | 3 | Noregur | | 1 | | 1 | 1 |
| 2019 | 5 | Ísland | 1 | | 1 | 1 | |
| 2020 | 2 | Danmörk | | | 1 | | |

| Sendandi beiðnar | Ár | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
| Lúxemborg | 1 | | | | |
| Svartfjallaland | 1 | | 1 | | |
| Bandaríkin | | 4 | 4 | 9 | 5 |
| Danmörk | | 4 | 7 | 12 | 17 |
| Finnland | | 1 | | | |
| Frakkland | | 2 | 1 | 3 | 1 |
| Holland | | 5 | 1 | 2 | 1 |
| Lettland | | 1 | 1 | 1 | |
| Litháen | | 1 | | 3 | 3 |
| Noregur | | 1 | 5 | | 1 |
| Portúgal | | 6 | 4 | 6 | 1 |
| Pólland | | 5 | 10 | 10 | 6 |
| Rúmenía | | 1 | | | 1 |
| Skotland | | 1 | | | |
| Slóvenía | | 1 | | 1 | |
| Spánn | | 1 | 5 | 1 | 4 |
| Sviss | | 3 | | 2 | |
| Svíþjóð | | 2 | 5 | 1 | 4 |
| Tékkland | | 1 | 2 | 3 | 3 |
| Tyrkland | | 23 | 5 | 1 | 1 |
| Ungverjaland | | 2 | | | |
| Þýskaland | | 3 | 1 | 5 | 3 |
| Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn | | | 1 | | |
| Búlgaría | | | 1 | 3 | |
| Færeyjar | | | 1 | | |
| Ísrael | | | 2 | | |
| Lichtenstein | | | 1 | | |
| Belgía | | | | 1 | 1 |
| Eistland | | | | 2 | |
| Grikkland | | | | 1 | |
| Írland | | | | 1 | 1 |
| Ísland | | | | 1 | 3 |
| Kýpur | | | | 2 | |
| Namibía | | | | 1 | |
| Perú | | | | 1 | |
| Slóvakía | | | | 2 | |
| Austurríki | | | | | 4 |
| Brasilía | | | | | 1 |
| Ítalía | | | | | 1 |
| Makedónía | | | | | 1 |

| Réttarbeiðnir frá 2016 | |
|---|---|
| Ár | Fjöldi |
| 2016 | 2 |
| 2017 | 68 |
| 2018 | 58 |
| 2019 | 75 |
| 2020 | 63 |

Ríkissaksóknari • Suðurlandsbraut 4 • 108 Reykjavík • sími  444 2900 • www.rikissaksoknari.is